

Fundargerð 447. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 18. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir. Í fjarfundarsambandi voru Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir og Arnfríður Eide Hafþórsdóttir,

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning varaformanns og gjaldkera - 2211001HA

Kosninga varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2022-2024. Lagði formaður til að Pétur Ólafsson hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands verði gjaldkeri og Alexandra Jóhannesdóttir hafnarstjóri Skagastrandarhafnar verði varaformaður

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 446. fundar - 2110003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 446. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 26. október 2022.

3. Fundargerðir Siglingaráðs - 2009019HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 34. og 35. fundar Siglingaráðs frá 2. september og 3. október 2022.

4. Tillaga að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023 - 2211002HA

Formaður lagði fram tillögu að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023 í Hafnarfirði.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Lúðvík Geirsson, Arnfríði Eide Hafþórsdóttur og Pórdís Sif Sigurðardóttur í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023.

5. Úrvinnslusjóður og samræmd flokkun á landsvísu - 2102002HA

Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur í úrgangsmálum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðu mála hvað varðar Úrvinnslusjóð og samræmda flokkun á landsvísu.

Stjórn þakkar kærlega fyrir upplýsingarnar og telur mikilvægt að hafnasambandið vinni þessi mál áfram í nánu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og var formanni og Birni Arnaldssyni falið að sitja fund verkefnisstjórnar um úrgangsmál hjá sambandinu sem verður haldinn 25. nóvember til að ræða málefni úrvinnslusjóðs.

Einnig var samþykkt að taka upp samtal við Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga um samræmda flokkun í höfnum landsins.

6. Fundaráætlun - 2211001HA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins fyrir árið 2023.

Stjórn samþykkir starfsáætlun hafnasambandsins fyrir árið 2023.

7. Ályktanir 43. hafnasambandsþings 2022 - 2110002HA

Lögð fram til kynningar bréf með ályktunum 43. hafnasambandsþings 2022 sem send voru til eftirtaldra aðila:

Ályktun um flokkun úrgangs úr skipum, send til Umhverfisstofnunar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Ályktun um aflagiöld á eldisfiski og eldisseiði, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um stuðning við orkuskipti í höfnum, send til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um skipaafdrepp (neyðarhöfn), send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um framlög til nýframkvæmda og endurbóta, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra og Vegagerðarinnar.

Ályktun um farþegagjald, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um áherslur við endurskoðun hafnalaga, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um ytri mörk hafnasvæða, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um öryggi og aðgengi í höfnum, send til allra aðildarhafna.

Ályktun um veiðafæraúrgang, send til allra aðildarhafna.

Rætt um stöðu bókana og þau viðbrögð sem hafa komið frá ráðuneyti og stofnunum. Sérstaklega var rætt um ályktun um orkuskipti í höfnum.

8. Breytingar á hafnalögum - 2210001HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 9. október 2022, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-177/2022. Að auki var rætt um mikilvægi þess að hafnasambandið setji sér markmið hvað varðar breytingar á hafnalögum.

Samþykkt að fela formanni að ræða við Gísla Gíslason f.v. formann hafnasambandsins um verkefnið og hvort hann sé tilbúinn í að aðstoða stjórn hafnasambandsins í þessari vinnu.

Fundi var slitið kl. 12:45